



40. fundur

40. fundur Svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja haldinn miðvikudaginn 30. ágúst 2023, kl. 16:00. Fundurinn er haldinn í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Guðmundur Björnsson, Eysteinn Eyjólfsson, Gunnar K. Ottósson, Gunnar A. Axelsson, Einar Jón Pálsson, Fannar Jónasson, Þóra Kristín Klemenzdóttir, Lilja Sigmarsdóttir, Atli Geir Júlíusson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu þeir: Jón B. Einarsson, Davíð Viðarsson, Kjartan Már Kjartansson, Björn Ingi Edvardsson og Magnús Stefánsson

Eysteinn Eyjólfsson formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. *Tölvupóstur frá Sveitarfélaginu Vogum dags. 09.08.2023 v. tilnefningar í Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja.*
Á 209.fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga voru eftirfarandi tilnefnd í Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja.

Aðalmenn:

Andri Rúnar Sigurðsson
Davíð Viðarsson

Varamenn:

Inga Sigrún Baldursdóttir
Ingbór Guðmundsson

2. *Endurskoðun Svæðisskipulags Suðurnesja.*
a) Atvinnumálakafli: Stefna, aðgerðir og eftirfylgni.
Mótun stefnu um atvinnu. Rýna þörf á breytingum á stefnu, afmörkun og fjölda atvinnusvæða og aðgerðir til að ná markmiðum.
Nefndin ræddi kaflann en mikil umræða varð um sameiginleg atvinnusvæði sem eru í núgildandi svæðisskipulagi. Ákveðið var að halda umræðunni áfram á næsta fundi nefndarinnar sem haldinn verður 14. september.
3. *Tölvupóstur frá Skipulagsgáttinni dags. 23.06.2023. Umsagnarbeiðni um mál nr. 276/2023.*
Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja gerir ekki athugasemd við breytingu á aðalskipulagi Grindavíkurbæjar er snýr að máli nr. 0276/2023, íþróttasvæði (Þ1) og íbúðarbyggð (ÍB7).
4. Önnur mál.
Ekki fleiri mál færð til bókar og fundi slitið kl. 17:20.